

Kvikmyndir eru alltaf á þriðjudögum.

Kennari Ósk

Við ætlum að horfa á myndir sem byggjast á sannsögulegum atburðum eða tengjast sannsögulegum atburðum með breyttum áherslum. Hverri mynd fylgir lítið verkefni, mjög auðleysanlegt. Við ýmist gerum verkefnin á meðan við horfum, eftir á eða fyrir áhorf. Þessi verkefni verða svo metin til einkunnar í lok annarinnar. Myndirnar sem eru komnar á áhorfslista eru eftirfarandi og í þessari röð munum við horfa á þær.

1. **22.júli.** Myndin byggir á hryðjuverkaárás í Noregi þar sem maður að nafni Andreas Breivik drap 77 manns á einum og sama klukkutímanum. Annars vegar sprengdi hann byggingu upp í bænum og hinsvegar fór hann út í Útey í Noregi og byrjaði að skjóta fólk niður sem þar var. Allt voru það ungir krakkar sem voru í sumarbúðum á eyinni. Hræðilegur atburður í mannkynsögunni.
2. **First they killed my father.** Myndir byggir á stríðinu í Cambódíu sum atriði myndarinnar eiga sér stoðir í raunveruleikanum og önnur ekki. Sagan fjallar um litla stúlku að nafni Loung Ung sem er tekin burt af heimili sínu og sett í herbúðir þar sem börn eru þjálfuð upp í að vera hermenn.
3. **The escape from Alcatraz** hörku spennandi mynd, byggð á sönnum atburðum. Fangelsið var alræmt og reyndu 41 fangi að flýja þaðan á þeim 29 árum sem fangelsið var starfrækt.
4. **Midnight Express** er mynd sem fjallar um ungan dreng sem var handtekinn á flugvelli í Tyrklandi með eiturlyf í farteskinu. Myndintengist sönnum atburðum.
5. **WWII in colour** þessi mynd er byggð á ýmsum atburðum síðar heimstyrjaldarinnar. Hver hefur ekki gott af að sjá allt ógeðið sem stríð eins og þetta hefur í för með sér.

Ef þú telur þig hafa áhuga á þessu endilega vertu með okkur. Hámarksfjöldi í þetta val er 25 manns.